



Reykjavík 26.8.2019

Velferðarráðuneytið,
b.t. Guðrún W. Jensdóttir, lögfræðingur,
Hafnarhúsinu v. Tryggvagötu,
101 Reykjavík.

Landlæknisembættið,
Barónsstíg 47,
101 Reykjavík.

Efni: Frá Mats- og hæfisnefnd sbr. 15.gr. reglugerðar nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Varðar **Marklýsingu fyrir kjarnanám í almennum lyflækningum** á Landspítala háskólasjúkrahúsi, Reykjavík og Sjúkrahúsinu á Akureyri .

Forstöðumenn sérnáms í lyflækningum á Landspítala háskólasjúkrahúsi, Reykjavík, skiluðu endnýjaðri marklýsingu um nám í almennri lyflækisfræði/almennum lyflækningum, samtals í allt að 3 ár, til mats- og hæfisnefndar þann 3. júlí sl.. Námið er sem fyrr sett upp í samvinnu við Royal College of Physicians (RCP) í Bretlandi og hefur verið metið og viðurkennt af þeim samtökum skv. bréfi frá Joint Royal Colleges Training Board. Þar er byggt á skýrslu um matsheimsókn RCP á Landspítalann þann 13. júní 2019.

Með tilvísan í 7., 8. og 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði þess að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, svo og starfsreglna nefndarinnar sem staðfestar voru af heilbrigðisráðherra 28. júní 2016, vill mats- og hæfisnefnd tilkynna að þann 26.8. 2019 var ákveðið að staðfesta á ný með formlegum hætti allt að þriggja ára sérnám í almennri lyflækisfræði/lyflækningum sem gæti farið fram á lyflækningasviði Landspítala háskólasjúkrahúss og Sjúkrahúsinu á Akureyri í samræmi við framlagða endurnýjaða marklýsingu (kemur í stað fyrri marklýsingar staðfest 25.11.2016). Námið fer fram innan ramma svonefnds “Samþætts kjarnnáms í bráðagreinum lækninga (SKBL)” með tilvísan í áður samþykkt gögn um það ferli byggð á breskri fyrirmynd. Samvinna er við svæfinga- og gjörgæsludeildir og bráðadeildir spítalanna um þetta.


Marklýsingin tekur mið af viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum og til þeirra atriða sem talin eru í 15. gr. reglugerðarinnar. Þar sem marklýsingin er frá RCP, þá er hún á ensku máli en með inngangi á íslensku og tilvísan í íslenskar aðstæður þar sem við á.

Sérnám á stofnuninni er samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala. Marklýsingin tekur ekki til náms í undirsérgreinum lyflækninga. Rafrænt eintak marklýsingarinnar fylgir hér með.

Endurmat marklýsingarinnar skal skv. reglugerð 467/2015 fara fram eigi síðar en að fjórum árum liðnum, þ.e.a.s. á árinu 2023.

Yfirlit yfir viðurkenndar heilbrigðisstofnanir og marklýsingar skal, með tilvísan í reglugerðina, birta á heimasíðu Embættis Landlæknis.

Virðingarfyllt, f.h. mats- og hæfisnefndarinnar,



Reynir T. Geirsson, próf. em.,

Formaður mats- og hæfisnefndar skv. Reglugerð nr. 467/2015.

Afrit:

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, Landspítala háskólasjúkrahúsi

Hrund Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri, menntadeild LSH

Hlíf Steingrímsdóttir, sviðsstjóri lyflækningasviðs Landspítala háskólasjúkrahúss,

Friðbjörn Sigurðsson, kennslustjóri sviðsstjóri lyflækningasviðs Landspítala háskólasjúkrahúss

Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga, Sjúkrahúsinu á Akureyri

Engilbert Sigurðsson, deildarforseti, Læknadeild Háskóla Íslands

Reynir Arngrímsson, formaður, Læknafélagi Íslands